

1. fundur skólaráðs þann 9.10.2015.kl. 8:10 í fundarherbergi.

Skólaráð skipa eftirtaldir fulltrúar skólaárið 2015-2016.

Arnheiður Helgadóttir, grenndarfulltrúi, Þórður Ingi Bjarnason, fulltrúi foreldra, Guðrún Hallgrímsdóttir, fulltrúi foreldra, Margrét Brynhildur Gunnarsdóttir, fulltrúi kennara, Marsibil Gísladóttir, fulltrúi kennara í Engidal, Elín Þráinsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks, Andrea Mist Viggósdóttir, fulltrúi nemenda, Raket Sigmarsdóttir, fulltrúi nemenda, Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri og aðstoðarskólastjórar sem áheyrnarfulltrúar.

#### Dagskrá

1. Unnin funda- og starfsáætlun ráðsins fyrir skólaárið 2015-2016. Fundartími verður á miðvikudögum kl. 8:10. Rætt var um skólaping, tímasetningu og efni. Lagt var til að hafa það í febrúar.
2. Farið var yfir skipulag og áherslur vetrarins í skólastarfinu. Hrönn skólastjóri sagði frá helstu verkefnum sem skólinn er að vinna með. Þau eru m.a. nemandinn í forgrunni, líðan og nám, bættur námsárangur LÆSI-STÆRÐFRÆÐI, Grænfánaskóli, útikennsla, þróunarstarf milli grunnskólans og leikskólans í Engidal, upplýsingatækni sem tæki til náms – iPada innleiðing en skólinn er að fá 25 iPada en fyrir á hann 20 stk., Heilsuskólaverkefni og unnið áfram með SMT skólafærni.
3. Viðburðadagatal 2015-2016 var kynnt og helstu viðburðir ársins m.a. haustfundir, vinavika, aðventudagur fjölskyldunnar, þemadagar, söngleikurinn, kaffihúsadagurinn og ferðir nemenda. Umræður spunnust um söngleikinn og mikilvægi hans í skólastarfinu á jákvæðan hátt.
4. Rætt var um breytingar og skipulag. Farið yfir ráðningar á nýju starfsfólki, fjölda bekkja, frístundaheimilin og félagsmiðstöðina Hraunið en þetta er nýtt verkefni sem skólastjóri hefur í sinni umsjón, Barnaskóli Hjallastefnunnar en þau fengu aðstöðu í Engidal fyrir miðstigið sitt, viðhald á skólahúsunum og rekstur. Einnig var rætt um börn af erlendu bergi Hrönn sagði frá því að það sé búið að ráða kennara til að halda utan um þetta verkefni.
5. Hrönn fór yfir teymi, fagstjóra og starfsfólks Frístundaheimila og Félagsmiðstöðva. Lýðræðishópur – Hlín Bolladóttir kemur til með hafa umsjón um lýðræðishóp nemenda, þessi vinna er í undirbúningi.
6. Valgreinar á unglingastigi. Hrönn fór yfir hvaða valgreinar eru í boði og kynnti Bæjarbrúna.
7. Fleira var ekki rætt og engin önnur mál komu fram.

Fundi slitið kl. 9:20

Ritari Anna Kristín Jóhannesdóttir.